TUDOR RAFGEYMAR
MIKIÐ ÚRVAL - TRAUST OG GÓÐ ÞJÓNUSTA
TUDOR Í 40 ÁR Á ÍSLANDI
• Jepparafgeymar
• Stop-Start rafgeymar
• Rafgeymar í öll farartæki
SKORRI
SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM
PÓLLINN
Öflugir • Hátt kaldræsiþol • Hröð endurhleðsla
Póllinn • Pollgata 2 • 400 Ísafjörður • Sími: 456-3092 • www.pollinn.is

9. tölublað
8. árgangur

AUSTURLAND

— 24. OKTÓBER 2019 —

Umferð um Fjarðarheiði er oft ekki fýsileg, jafnvel er þar kolófært að vetrarlagi. Myndin er tekin að vorlagi.

Framkvæmdir við Fjarðarheiðargögn hefjast árið 2022

Curio bls. 4

Franskir dagar bls. 6

Nám við FSA bls. 12

Húsfélagaþjónusta
Leiðandi í hagkvæmni og rekstri húsfélaga
√ Bókhald og fjármál
√ Húsfélagafundir
√ MÍNAR SÍÐUR
√ Þjónustusaga húss
√ Önnur þjónusta
EIGNAumsjón www.eignaumsjon.is

Er vandamál með neysluvatnið?
Við ástandsskoðum, hreinsum og fóðrum neysluvatnslagnir.
HREINAR LAGNIR
Varanlega vörn gegn tæringu, ryðmyndun, stíflu og leka.
S: 519-6480
hreinarlagnir.is

Fánasmiðjan
Fánar, fánastangir og aukahlutir
Nú er rétti tíminn til að koma fánamálunum í gott stand.
s:5772020

VERSLUNARTÆKNI www.verslun.is
geiri www.geiriehf.is
KRONEN Nahrungsmitteltechnik
Grænmetis-vinnsluvélar
Þurrkvinda
Beltaskurðarvél
Skurður: teningar, ræmur sneiðar
Grænmetisskol
VERSLUNARTÆKNI www.verslun.is
geiri www.geiriehf.is
STÓREIDHÚS
Draghálsi 4 - 110 Reykjavík
Sími: 535 1300
verslun@verslun.is

HVÍTABIRNIR Á FLJÓTSDALSHÉRAÐI

Hvítabirnir eru einfarar sem forðast jafnan hvern annan en stundum safnast þeir saman þar sem gnótt er fæðu, t.d. við hræ stórhvela. Húnar fylgja mæðrum sínum í ríflega tvö ár. Heimkynni hvítabjarna eru á hánorrænum strandsvæðum og á rekisnum kringum Grænland. Flest dýrin sem hingað koma eru upprunnin frá stofninum við Austur-Grænland. Hvítavirnir fljóta vel á sundi, þeir geta svamlað dögum saman í sjó og leggja þá auðveldlega hundruð kílómetra að baki. Sundraðinn er allt að 10 km á klukkustund að jafnaði svo það er auðvelt fyrir hvítabjörn að synda frá ísjaðrinum og ná landi á einum degi, syndi þeir beinustu leið. Koma hvítabjarna hér til lands þarf því ekki að vera undrunarefni. Þessar upplýsingar og aðrar sem eftir koma má lesa í bókinni „Hvítabirnir á Íslandi" eftir Rósu Rut Þórisdóttur. Vitað er um 600 hvitabirni hérlendis frá landnámi, sumir þeirra felldir en einnig hafa hvítabirnir orðið mannsbani í einhverjum tilfellum.

Rósa Rut Þórisdóttir með bókina.

Hvítabjörn við Heyskála í Hjaltastaðaþinghá

Þótt það kunni að hljóma ótrúega í eyrum nútímamanns hafa hvítabirnir lagt leið sína til Austurlands. Þann 15. júní árið 1913 varð vart við hvítabjörn við Heyskála í Hjaltastaðaþinghá. Var talið líklegast að hvítabjörnin hafi komið á land á Langanesi. Hann var felldur af sr. Einari Vigfússyni á Hjaltastað.

Þann 7. apríl 1968 varð áhöfn og farþegar á strandferðaskipinu Esju vör við hvítabjörn á siglingaleið skipsins frá Eskifirði til Norðfjarðar en skipið sigldi gegnum þéttan ís. Seinna varð vart við hvítabjörnin utan utan Sandvíkur og seinna varð vart við ferðir hvítabjarnarins sem var þá á leið milli Hellisfjarðar og Viðfjarðar. Nokkur ótti greip um sig á Norðfirði þegar vitneskjan um hvítabjörn svo nálægt byggðinni varð kunn. Hætta af landgöngu hans varð hins vegar talin hverfandi þar sem hann hafði nóg að sel á ísnum til að seðja hungur sitt.

Frásagnir eru af því að hvítabjarnar hafi orðið vart við Urriðavatn í Fellum á Fljótsdalshéraði frostaveturinn 1880 – 1881.

Enn sunnar á landinu hefur orðð vart hvítabjarna. Á útmánuðum árið 1881 var landfastur ís allt suður í Berufjörð, landsins forni fjandi, og í Skaftafellssýslum var varð vart í aprílmánuði nokkurra dýra. Frásögn er af hvítabirni sem var á ferð frá Mýrum austur að Hornafjarðarfljóti. Dýr var elt frá bænum Viðborði á hestum en það þurfti að ríða hratt þar sem dýrið greikkaði mjög sporið þegar það varð vart mannanna. Það var komið alla leið austur á Bjarnanessand austan Fljóta þegar það var fellt. Sjaldan hafa farið sögur af jafnmörgum hvítabjörnum hér á landi í einu og þennan vetur.

Viðhorf Íslendinga til stjórnarskrárinnar

Katrín Jakobsdóttir, forsætisráðherra, hefur í samráði við fulltrúa allra flokka sem sæti eiga á Alþingi ákveðið að fela Félagsvísindastofnun HÍ að kanna viðhorf Íslendinga til stjórnarskrárinnar og endurskoðunar hennar. Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar kemur fram að ríkisstjórnin vilji halda áfram heildarendurskoðun stjórnarskrárinnar í þverpólitísku samstarfi með aðkomu þjóðarinnar og nýta meðal annars til þess aðferðir almenningssamráðs og er könnunin liður í því.

Meginmarkmiðið með viðhorfskönnuninni er að draga fram sameiginleg grunngildi íslensku þjóðarinnar, að kanna viðhorf til tillagna sem komið hafa fram á undanförnum árum að breytingum á stjórnarskrá lýðveldisins og kortleggja sýn almennings á þau viðfangsefni stjórnarskrárendurskoðunar sem tekin eru fyrir á þessu kjörtímabili.

Stefnt er að því að gögn úr könnuninni nýtist jafnframt í tengslum við rökræðukönnun sem haldin verður 9.–10. nóvember nk. um afmörkuð atriði stjórnarskráren durskoðunarinnar. Rökræðukönnun byggir á viðhorfskönnuninni enda eiga niðurstöður viðhorfskönnunar að nýtast til frekari umræðna frekar en að þjóna sem endanleg niðurstaða um fylgi eða andstöðu við einstakar breytingar.

Þeir einstaklingar sem lenda í úrtaki eru hér með hvattir til að taka þátt og leggja þannig sitt af mörkum til að stjórnarskrárendurskoðunin takist vel. Viðhorfskönnunin er síma- og netkönnun meðal úrtaks úr þjóðskrá og úr netpanel Félagsvísindastofnunar.

Hvað gerist nú?

Allir muna eftir stjórnarskrárumræðunni fyrir fáum árum sem varð bókstaflega að engu. En það á engum að vera sama. Nútímaleg stjórnarskrá er einfaldlega hluti af sjálfstæði þjóðarinnar.

Litfögur fjallhlið á suðurhluta Austfjarða. Jákvæð afstaða til stjórnarskrárinnar er hluti af sjálfstæðinu, sem ekki er endalaust sjálfsætt ef þess er ekki gætt. Í því felst líka að þykja vænt um náttúruna. Ekki viljum við að hún falli í hendur útlendinga, en svo gæti farið ef við stöndum ekki vörð um sjálfstæðið og stjórnarskrána.

VILTU AUGLÝSA Í AUSTURLANDI?

AUGLÝSINGADEILDIN ER OPIN ALLA VIRKA DAGA FRÁ KL. 9:00 – 17:00. AUGLÝSINGASÍMINN ER 578-1190 NETFANG: AUGLYSINGAR@FOTSPOR.IS

Að tala í síma er ekki hátæknistarf!

Í umræðu um stóriðju er hugtakinu hátæknistörf oft flaggað og vísað til þess að fólk notar flókin tæki. Það er mikilvægt fyrir Íslendinga, sem eiga ekki mikinn eða sterkan hátækniiðnað, að hugtök fari ekki á flot. Hátæknistarf er ekki athöfn sem styðst við mjög flókið tæki. GSM sími er mjög flókið tæki en það er ekki hátæknistarf að tala í síma eða senda skilaboð. Sama gildir um bifreiðar sem eru afar flóknar en krefjast ekki mikillar sérþekkingar eða nýsköpunar af bílstjórum sínum, jafnvel þvert á móti.

Hátækniiðnaður er ekki á allra færi og er afrakstur áratuga langskólanáms. Þegar fyrirtæki, sem kallar sig Íslenskur hátækniiðnaður, stefnir að byggingu olíuhreinsistöðvar má segja að um vísvitandi blekkingu sé að ræða. Að öllum líkindum yrði hönnun og smíði verksmiðjunnar ekki íslenskur hátækniiðnaður og ekki samsetningin heldur. Starfsemin myndi ekki krefjast mikillar menntunar eða sérþekkingar. Þannig eru aðeins fá störf í hverju álveri eða olíuhreinsunarstöð sem geta talist raunveruleg hátæknistörf. Þá er ekki verið að kasta rýrð á þau störf sem slík, aðeins að benda á að notkun orðsins ber keim af áróðurstækni og störf sem eru í eðli sínu afar einhæf og vélræn ættu ekki að falla undir þetta hugtak.

Hátækni er tækni þar sem ný vísindaleg og verkfræðileg þekking er nýtt. Oft er þá verið að framleiða alveg nýjar vörutegundir en stundum eru þekktar vörur framleiddar með nýjum efnum og aðferðum. Hátækniiðnaður er sá geiri atvinnulífsins sem þróar og jafnvel framleiðir þessar nýju vörur. Rannsóknir og þróun eru að jafnaði mjög stór hluti af starfsemi fyrirtækja í hátækniiðnaði. Dæmi um hátækniiðnað er framleiðsla tölvuíhluta og þróun lyfja.

Mjög mörg fyrirtæki nýta sér framleiðslu hátæknifyrirtækja í sinni eigin framleiðslu. Dæmi um slíkt eru ýmsir íhlutir í bílum svo sem stýritölvur margskonar og hröðunarnemar fyrir líknarbelgi. Allir hérlendis nýta hátækni á einn eða annan hátt. Gott dæmi um hátæknibúnað sem er í daglegri notkun eru íhlutir í farsímum.

Álframleiðsla er ekki hátækniiðnaður. Framleiðsluaðferðin er kennd við upphafsmenn sína; Bandaríkjamanninn Charles Martin Hall og Frakkann Paul Héroult sem fundu hana upp í sitt hvoru lagi árið 1886. Aðferðin hefur í grunninn ekkert breyst síðan. Olíuhreinsun er ekki heldur hátækniiðnaður. Framleiðsluaðferðin er hluteiming sem notuð hefur verið um aldir. Olíuvörur; bensín, dísilolía, smurolía o.s.frv. hafa verið framleiddar í stórum stíl úr jarðolíu síðan snemma á 20. öld.

Þekkingariðnaði ruglað saman við hátækniiðnað

Þekkingariðnaði hefur stundum verið ruglað saman við hátækniiðnað. Hugtökin eru skyld og segja má að hátækniiðnaður sé þekkingariðnaður. Hugtakið þekkingariðnaður er hins vegar víðara. Segja má að það sé iðnaður þar sem bróðurpartur virðisaukans í framleiðslu fyrirtækisins er sérhæfð þekking. Besta dæmið um þekkingarfyrirtæki eru hugbúnaðarfyrirtæki. Slík fyrirtæki þurfa þó ekki að vera hátæknifyrirtæki ? nema þau noti nýjar aðferðir og/eða þrói nýja gerð hugbúnaðar. Annað dæmi um þekkingarfyrirtæki eru ráðgjafa- og verkfræðistofur.

Orkuframleiðsla og -dreifing er ekki þekkingariðnaður (og þaðan af síður hátækniiðnaður). Bróðurpartur virðisauka framleiðslunnar, þ.e. orkan, er búinn til með aðkeyptum tækjum (hverflum og rafölum). Þess ber þó að geta að sérfræðingar orkufyrirtækja búa oft yfir sérhæfðri þekkingu. Flest orkufyrirtæki kaupa að jafnaði þjónustu og ráðgjöf frá fyrirtækjum í þekkingariðnaði og búnað frá hátæknifyrirtækjum.

lindex.is
Peysa
4999,-
LINDEX

LEIÐARI

Hagsæld en einnig atvinnuleysi

Íslenskt atvinnulíf stendur á vissum tímamótum. Oft hefur verið tekist á við gerð samninga um kaup og kjör almennings í landinu, eins og eðlilegt er því undir eru mikilvægir hagsmunir, hagur fólks og afkoma fyrirtækjanna. Formaður Samtaka atvinnulífsins, Eyjólfur Árni Rafnsson, sagði á ársfundi samtakanna að um nokkurra ára skeið hefur verið samhljómur í stjórn SA og á meðal stjórnenda í atvinnulífinu um að stefna samtakanna byggi á að saman fari góð afkoma í atvinnulífinu og hagsæld almennings. Heildarsamtök atvinnulífsins hljóta að þróast með samfélaginu, það hafa Samtök atvinnulifsins sannarlega gert. Ólík sjónarmið, heilbrigt samtal og gagnkvæmur skilningur leiða af sér niðurstöðu þar enginn einn fær ráðið né nær öllu sínu fram. Um málamiðlun þarf að skapast sátt allra aðila og sannfæring fyrir því að innistæða fyrir nýjum samningum sé til staðar. Eyjólfur Árni sagði að ábyrgð samningsaðila við gerð kjarasamninga væri mikil, og þó ekki væri nema vegna þess þá gegna Samtök atvinnulífsins og launafólks mikilvægu hlutverki í þjóðfélaginu. Samskipti við verkalýðshreyfinguna byggi á gagnkvæmu trausti og virðingu fyrir sjónarmiðum hvers annars. Niðurstöður kjarasamninga réðu miklu um almenna efnahagsþróun og ef ekki er að gætt geta kjarasamningar leitt til verðbólgu, gengisfellinga og óviðunandi afkomu fyrirtækja og þar með verri lífskjara almennings. Vextir hafa lækkað verulega frá undirritun Lífskjarasamningsins og allar forsendur eru til enn frekari lækkunar. Meginmarkmið samninganna hafa þegar náðst – einungis hálfu ári eftir undirritun. Lægri vextir, stöðugt gengi og lækkun skatta gefa fyrirtækjum svigrúm til aukinnar nýsköpunar, markaðssóknar og fjárfestingar. Samningarnir leggja grunn að stöðugleika í efnahagslífinu, aukinni framleiðni og batnandi lífskjörum almennings. Prófsteinn á þróun kjaramála á Íslandi til næstu ára er fólginn í niðurstöðu í kjarasamningum hins opinbera sem nú standa yfir. Lífskjarasamningurinn hlýtur að varða leiðina fyrir þessa samninga, annað er óhugsandi. Fyrirtæki á einkamarkaði verða að standast samkeppni við erlenda keppinauta sína.

Fyrir atvinnulífið er sérstaklega ánægjulegt að traust fólks á eigin atvinnurekanda er jafnan með því mesta sem mælist og almennt er traust á íslenskum fyrirtækjum mikið. Traust, samheldni og gagnkvæm virðing skipta verulegu máli fyrir almennan stöðugleika í samfélaginu og þá ekki síst framkoma einstaklinga, stjórnmálamanna og annarra, sem sýnilegastir eru almenningi. Hófsemi og hyggindi eru nauðsynlegar dyggðir sem flestum ætti að vera auðvelt að tileinka sér. Forystumenn fyrirtækja og stofnana verða að gæta þess að kjör þeirra séu í eðlilegu samhengi við það sem gengur og gerist. Óhóf er ekki til álitsauka í íslensku samfélagi. Undir þau orð Eyjólfs Árna er hægt að taka undir heilshugar.

Þrátt fyrir þessa bjartsýni Samtaka atvinnulífsins eru íbúar þessa lands ekki lausir við atvinnuleysi og á sumum stöðum er það talsvert umfram landsmeðaltal. Á Austurlandivoru í lok júlímánaðar voru alls 110 félagsmenn AFLs starfsgreinafélags án atvinnu, 60 konur og 50 karlmenn. Þar af voru um 40 með lögheimili skráð utan félagssvæðis, 14 félagsmenn voru án atvinnu á Bakkafirði og Vopnafirði, en þar leitaði sveitarfélagið til sjálfboðaliða til að vinna við skógrækt, á Egilsstöðum og Fljótsdalshéraði öllu voru 10 manns án atvinnu, enginn á Seyðisfirði, 35 voru án atvinnu í Fjarðabyggð og 8 á Hornafirði og nágrenni. Betur má ef duga skal í atvinnumálum Austfirðinga.

Geir A. Guðsteinsson
ritstjóri

VILTU AUGLÝSA Í AUSTURLANDI?

AUGLÝSINGADEILDIN ER OPIN ALLA VIRKA DAGA
FRÁ KL. 9:00 – 17:00.
AUGLÝSINGASÍMINN ER 578-1190
NETFANG: AUGLYSINGAR@FOTSPOR.IS

9. tölublað, 8. árgangur

Útgefandi: Fótspor ehf., Suðurlandsbraut 54 , 103 Rvk. **Ábyrgðarmaður:** Ámundi Ámundason.
Auglýsingastjóri: Ámundi Ámundason sími 824-2466, netfang, amundi@fotspor.is.
Auglýsingar: Sími: 578-1190 & netfang: amundi@fotspor.is.
Ritstjóri: Geir Guðsteinsson, geirgudsteinsson@simnet.is s. 840955
Prentun: Ísafoldarprentsmiðja. **Dreifing:** Íslandspóstur. **Vefútgáfa PDF:** www. fotspor.is.

Fríblaðinu er dreift í 5.500 eintökum á öll heimili og fyrirtæki á Austurlandi.

Nýsköpunarþing 2019:

Curio hlaut Nýsköpunarverðlaunin

Nýsköpunarþing 2019 var haldið sl.mánudag og var þema þingsins „Sjálfbærni til framtíðar." Þórdís Kolbrún R. Gylfadóttir, nýsköpunarráðherra, flutti ávarp og í lok þingsins afhenti hún Nýsköpunarverðlaun Íslands 2019, en þau komu í hlut Curio sem er nýsköpunarfyrirtæki með 49 starfsmenn í Hafnarfirði og á Húsavík. Stofnandi og framkvæmdastjóri er Elliði Hreinsson. Fyrirtækið vinnur að þróun fiskvinnsluvéla sem auka nýtingu og skila betri afurð í vinnslu á bolfiski í afhausun, flökun og roðflettingu ásamt því að leggja áherslu á öryggismál og þrif. Fyrstu vélar undir vörumerknu Curio voru framleiddar af Gullmolum ehf. en árið 2007 og var fyrirtækið Curio ehf. stofnað sem árið 2013 og tók yfir þróun og framleiðslu vélanna.

Í rökstuðningi dómnefndar segir að Curio hafi leitt öflugt þróunarstarf sem snýr að vinnslu sjávarafurða. Helsta stoltið í framleiðslunni er klumbskurðarvél.

Erindi á Nýsköpunarþinginu fluttu Gunnhildur Fríða Hallgrímsdóttir, aðgerðarsinni og nemandi, dr. Leyla Acaroglu, frumkvöðull og stofnandi Unchool of Disruptive Design, Disrupt Design og CO Project Farm, Hrefna Ösp Sigfinnsdóttir, framkvæmdastjóri Markaða Landsbankans Iceland SIF, Jón Ágúst Þorsteinsson, framkvæmdastjóri Klappa, Guðrún Anna Finnbogadóttir, verkefnastjóri Vestfjarðastofu, Margrét Ormslev Ásgeirsdóttir, aðstoðarforstjóri Carbon Recycling International, Kristinn Jón Ólafsson, verkefnastjóri Snjallborgar og Rakel Garðarsdóttir, frumkvöðull og framkvæmdastjóri og stofnandi Verandi og Vakandi.

Starfsmenn Curio með viðurkenninguna. F.v.; Axel Pétur Ásgeirsson, Sólveig Jóhannesdóttir, Elliði Hreinsson, Róbert Unnþórsson og Hulda Snorradóttir.

Hreinn Elliðason ásamt nýsköpunarráðherra, Þórdísi Kolbrúnu R. Gylfadóttur sem afhenti verðlaunin.

Með þverun Berufjarðar er hringvegurinn loks allur malbikaður

Framkvæmdir við nýjan veg og nýja brú yfir Berufjörð hófust í ágúst 2017. Vegurinn er 4,9 kílómetra lanagur og brúin fimmtíu metra löng. Áætlað var að verklok yrðu í september á síðasta áir en það dróst fram í miðjan ágústmánuð sl. þegar hann var formlega tekin í notkun með því að vegamálastjóri og samgönguráðherra klipptu á borða. Vegurinn og brúin leysa af síðasta malarkaflann á hringveginum. Um alllangt skeið hefur Vegagerðin og verktakar reynt að koma í veg fyrir að tvö hundruð metra vegarkafli á nýrri uppfyllingu í Berufirði sígi en vegurinn yfir fjarðarbotninn hefur ítrekað gefið eftir þar sem botninn í firðinum er mjög leirkenndur. Það tókst að lokum eftir akstri á miklum ofaníburði í uppfyllinguna lauk.

Af þessum ástæðum m.a. fóru framvæmdir við nýja veginn og brúargerðina yfir Berufjörð um tvö hundruð milljónir króna fram úr fjárhagsáætlun. Vegagerðin er farin að sjá fyrir verklok en vegurinn á að leysa af síðasta malarkaflann á hringveginum.

Bergþóra Þorkelsdóttir vegamálastjóri og Sigurður Ingi Jóhannsson samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra klippa á borða og þar með var undferð formlega hleypt á hringveginn. Fjöldi manns fagnaði þessum áfanga. myndir/ Sólveig Gísladóttir.

Skæraberi var Anna Jóna Eðvarðsdóttir frá Hvannabrekku í Berufirði en bærinn sést á bakvið hana.

UMHVERFISVÆNI
RUSLAPOKINN

Hugsum áður en við hendum!

Umhverfisvæni ruslapokinn er úr maíssterkju sem brotnar niður á nokkrum vikum án þess að valda skaða í náttúrunni.

Umhverfisvæni ruslapokinn er með handföngum og passar vel í ruslatunnur á heimilum eða sem burðarpoki í verslunum.

SEGÐU NEI VIÐ PLASTI

ÍSLENSKA GÁMAFÉLAGIÐ

www.igf.is

Umhverfisvæna ruslapokann má nálgast í öllum helstu verslunum

Álframleiðsla skilaði 86 milljörðum inn í íslenskt hagkerfi

„Álið er hluti af lausninni“ var yfirskrift vel sótts ársfundar Samáls sem haldinn var í Kaldalóni í Hörpu nú þegar 50 ár eru síðan álframleiðsla hófst á Íslandi. Í erindi Magnúsar Þórs Ásmundssonar stjórnarformanns Samáls Norðuaráls að útflutningsverðmæti áls námu um 230 milljörðum og innlendur kostnaður um 86 milljörðum. Af innlendum kostnaði nam raforka um 40 milljörðum og er þá miðað við raforkunotkun álvera og meðalverð Landsvirkjunar til iðnaðar. Þá keyptu álverin innlendar vörur og þjónustu fyrir 23 milljarða, laun og launatengd gjöld námu um 19 milljörðum, opinber gjöld um 4 milljörðum og styrkir til samfélagsmála 185 milljónum.

Mikilvægt að horfa til framtíðar

Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra óskaði álfyrirtækjum til hamingju með 50 ára afmælið og sagði það merkilegan áfanga í sögu þeirra. „En það sem mér finnst mikilvægt að fagna er að þið eruð að horfa til framtíðar. Og ég held það sé gríðarlega mikilvægt að við gerum það saman. Þið eruð að setja umhverfis- og öryggismálin í brennidepil. Það er ekki bara góð áhersla á þessum tímamótum, heldur líka lífsnauðsynleg.“

„Verðmætasköpun í hálfa öld“ var yfirskrift erindis Ingólfs Benders, aðalhagfræðings Samtaka iðnaðarins, þar sem hann gerði skil þeim framförum sem orðið hafa í íslensku samfélagi frá því álframleiðsla hófst á Íslandi. Landsframleiðsla á mann hefur vaxið úr því að vera í meðallagi í Evrópu í að vera helmingi meiri en almennt tíðkast – og hafa þó lífskjör batnað verulega um alla álfuna. Íslendingar hafa með útflutningi á áli fengið nýja stoð í efnahagslífið sem dregur verulega úr sveiflum og skapar dýrmætan gjaldeyri, auk þess sem laun í áliðnaði eru vel yfir meðallagi og spennandi tækifæri hafa skapast í orkuiðnaði.

Fjárfesting í stórum draumum

Hrund Gunnsteinsdóttir, framkvæmdastjóri Festu, ryndi í íslenskan áliðnað og heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna í erindi sínu. Hún sagði heimsmarkmiðin fjárfestingu í stórum draumum. Þau þyrftu að vera leiðarljós í stefnumótun, nýsköpun, vísindaþekkingu og tækniþróun samfélaga. Hún nefndi sem dæmi um sjálfbæra þróun endurvinnslu áls og hringrásarhagkerfið.

GULLIÐ TÆKIFÆRI AÐ ENDURSKOÐA VEXTI HÚSNÆÐISLÁNA

Þar sem vextir hafa verið að lækka undanfarið gæti verið gullið tækifæri um þessar mundir að endurskoða vextina á húsnæðislánunum. Í raun borgar sig að endurskoða húsnæðislánin árlega. Síðustu mánuði hefur Seðlabankinn lækkað stýrivextina töluvert og bankarnir hafa einnig lækkað vextina á húsnæðislánum. Við mælum því með því að skoða núverandi vexti og bera saman við vextina sem er verið að bjóða í dag. Ef lántakandi hefur ekki endurfjármagnað lánin sín til lengri tíma eða jafnvel aldrei má mögulega lækka mánaðarlega greiðslubyrði um tugi þúsunda. Hægt er að fara inn á vefinn www.aurbjorg.is til að sjá hvaða vexti lánastofnanir eru að bjóða.

Þegar lán eru endurfjármögnuð er svo hægt að fara nokkrar leiðir.

Halda sömu greiðslubyrði en stytta lánstímann um mörg ár

Halda lánstímanum og lækka greiðslubyrðina

Blanda þessum leiðum saman

Hægt er að spara seðilgjöld með því að sameina mörg lítil lán.

Endurfjármögnun er einföld í dag. Dýrir kostnaðarliðir eins og lántökugjald eru orðin föst krónutala og stimpilgjald á láni hjá sýslumanni hefur verið afnumið. Í alllestum tilfellum er skynsamlegt að mæla með að rætt sé við fjármálaráðgjafa um hvernig lán er best að taka. Stundum dugar fasteignamat eignarinnar fyrir endurfjármögnun en stundum þarf bankaverðmat frá löggiltum fasteignasala. Til að auðvelda endurfjármögnun býður t.d. fasteignasalan Húsaskjól upp á 20% af bankaverðmati út árið 2019.

Fullyrða má að stóra málið um þessar mundir er að skoða hvort og hvernig er hægt að hagræða í lánamálum.

EGILSSTAÐIR. Þar sem víða annars staðar á landinu geta fasteignaeigendur kannað möguleika á að endurskoða vexti fasteignalána.

Fagleg og heildstæð
Þjónusta á sviði brotamálms

Við tryggjum áreiðanlega meðhöndlun á brotajárninu
og brotamálminum þínum með umhverfisvænum hætti

MÁLMA
ENDURVINNSLAN

Við kaupum brotamálm

Millberry Kopar/Eir — ISK 400 á kg.	Brotajárn — ISK 4 á kg.	Kopar/Eir — ISK 380 á kg.
Brass/Messing — ISK 260 á kg.	Brons — ISK 280 á kg.	Kaplar — ISK 45 á kg.
Ryðfritt stál — ISK 70 á kg.	Ál — ISK 65 á kg.	Blý — ISK 80 á kg.
Zink — ISK 50 á kg.	Brotamálmur þungur í bræðslu — ISK 4 á kg.	Rafmótorar — ISK 35 á kg.
Offset prentplötur úr áli — ISK 80 á kg.	Tungsten — ISK 400 á kg.	Brotastál — ISK 5 á kg.
Stálstrengir — ISK 7 á kg.	Spennubreytar — ISK 35 á kg.	Hvarfakútar — Leitið tilboða

MÁLMA
ENDURVINNSLAN

Stangarhylur 7 110 Reykjavík Sími: 5199819
info@malma.is www.malma.is

VIRÐING FÁSKRÚÐSFIRÐINGA FYRIR FRÖNSKUM SKÚTUSJÓMÖNNUM ER AÐDÁUNARVERÐ

Helsta sérstaða Fáskrúðsfjarðar skapaðist vafalítið á þeim tíma þegar franskir sjómenn sóttu Íslandsmið en ein helsta bækistöð frönsku sjómannanna hér við land var á Fáskrúðsfirði. Er ætlað að þetta tímabil hafi staðið frá síðari hluta 19. aldar og þar til að síðustu skúturnar fóru héðan á seinni hluta fjórða áratugs tuttugustu aldar. Þau tengsl sem þarna mynduðust milli Fáskrúðsfirðinga og frönsku sjómannanna, sem flestir komu frá Bretanskaga, hafa verið það sterk að minningarnar hafa ekki fallið í gleymsku.

Tengslin urðu til þess að þann 18. ágúst 1991 var formlega komið á vinarbæjartengslum við bæinn Gravelines í Frakklandi, en Gravelines er um 15.000 manna bær í norður Frakklandi. Í sáttmála sem undirritaður var lýsa aðilar vilja sínum „ …til þess að halda lifandi sögu strandsvæða Gravelines og Íslands“ og einnig að gerðar verði allar mögulegar ráðstafanir til að halda vináttu- og samvinnuböndum milli þessara aðila í þágu íbúa beggja staðanna. Er það vilji beggja aðila að tengslin þróist fyrst og fremst í formi unglingasamskipta og að viðhalda sameiginlegri menningarsögu eða eins og segir í samkomulagi þessara aðila þá óska þau „.. til þess að neytt verði allra ráða til þess að kom á sambandi milli bæjarráðsmanna, opinberra stofnana, félaga og samtaka, einkum á sviði efnahags- og félagsmála, skólamála, menningar og íþróttamála.“

Í Gravelines er árlega haldin „Hátíð íslandssjómanna“ í lok septembermánaðar og er þetta mikil hátíð og er óhætt að segja að það hafi komið Íslendingunum sem farið hafa á þessa hátíð á óvart hversu ofarlega minningin frá þessum tíma er í huga þessa fólks. Má leiða að því líkur að minningin sé eins sterk og raun ber vitni vegna þeirrar miklu spennu sem ríkti og sveiflu milli sorgar og gleði þegar bátarnir snéru aftur heim og í ljós kom hvort ástvinur átti afturkvæmt eftir langa dvöl á fjarlægum miðum eða hvort þeir báru sorgarfréttir heim til ástvina.

Helgistund var í Litlu kapellunni þar sem voru þrír prestar, prestar kaþólsku kirkjunnar þeir sr. Petur Kovacik og sr. Peter Fintor og sr. Jóna Kristín Þorvaldsdóttir sóknarprestur Þjóðkirkjunnar á Fáskrúðsfirði. Þaðan var svo haldið að kirkjugarðinum utan við þorpið þar sem vitað er að hvíla 49 franskir skútusjómenn. Þar fór fram stutt minningarathöfn og síðan farið niður að fjörðuborði þar sem viðstaddir fleyttu rósum til minningar um það sem hvíla í votri gröf. Sú stund var afar áhrifamikil. Útihátíð var fyrir alla aldurshópa á Frönskum dögum, eins konar bæjarhátíð.

Helgistund í kapellunni.

Við minnisvarðann að lokinni lagningu blómsveiga.

Laurie Verstraet og Marine Vanderstraeten voru fulltrúar franska bæjarins Gravelines á Frönskum dögum á Fáskrúðsfirði. Auk þeirra heimsótti franski sendiherrann Graham Paul Fáskrúðsfjörð þessa daga.

Margt forvitnilegt er að sjá á sýningu sem nefnist „Frakkar á Íslandsmiðum“ sem dregur nokkuð skýra mynd af veru franska skútusjómanna hér við land.

Blómum fleytt til minningar um þau Frakka sem liggja í votri gröf.

Sjón og heyrn sögu ríkari á Bræðslunni

Tónlistarhátíðin BRÆÐSLAN á Borgarfirði eystri hefur skapað sér sess meðal bestu sumarhátíða ársins. Það mátti greinilega sjá á laugardeginum þegar nánast öll tjaldstæði voru fullsetin svo þeir sem komu síðla þann dag þurfu að leita stöðugt lengra frá „tónlistarhöllinni" ef hugmyndin var að fá einhvern nætursvefn síðla nætur.

Ólíkt öðrum hátíðum voru fullorðnir í meirihluta svo lítið sem ekkert bar á unglingadrykkju. Það er auðvitað til algjörar fyrirmyndar.

Tónlistin var auðvitað sá segull sem dró þennan mannfjölda til Borgarfjarðar eystri, öðru fremur, enda listinn glæsilegur;

Auður
Dúkkulísur
Dr. Spock
GDRN
Jón Jónsson og Friðrik Dór
Jónas Sigurðsson
Sóldögg

Helsta bæjarprýðin á Borgarfirði eystri, Lindarbakki.

Nú þarf ekki lengur að sækja helstu nauðsynjar til Egilsstaða, jafnvel lengra. Hjónin Einfríður Árnadóttir og Christer Magnusson tóku sig til og opnuðu Búðina með dyggum stuðningi heimamanna, en þau búa í Reykjavík. Einfríður er frá Borgarfirði eystra. en Christer er sænskrar ættar.

Ungviði á Bræðslunni með pabba og mömmu, afa og ömmu og jafnvel fleirum. Ekkert kynslóðabil!

Áhorfendur njóta tónlistarinnar.

Fjallhressar konur bíða þess að komast inn. Hvaða drykkur skyldi vera í flöskunni sem stungið hefur verið niður í blátt ílát?

Husqvarna – Steinsagir, kjarnaborvélar, gólf- og vegsagir

MHG VERSLUN
Framúrskarandi fyrirtæki 2017

ALLT FYRIR ATVINNUMANNINN

MHG Verslun ehf | Víkurhvarf 8 | 203 Kópavogi | Sími 544-4656 | www.mhg.is

ARCTIC TRUCKS
EXPLORE WITHOUT LIMITS
JEPPADEKK.IS
Vönduð amerísk jeppadekk sem henta frábærlega fyrir íslenskar aðstæður. Stærðir 29”-44”.
Dick CEPEK TIRES & WHEELS
nokian HAKKAPELIITTA 44
44” radíal. Hannað í samstarfi Arctic Trucks og Nokian.
nokian TYRES
35” radíal. Frábært neglt vetrardekk!
AT315
38” radíaldekk sem hefur margsannað sig á hálendi Íslands.
AT405
FELGUR
Gott úrval
Margar stærðir
kr. 39.900,-
kr. 39.900,-
kr. 49.900,-
kr. 49.900,-
kr. 49.900,-
Arctic Trucks Ísland ehf.
Kletthálsi 3
110 Reykjavík
Sími 540 4900
Netfang info@arctictrucks.is
Vefur www.arctictrucks.is

FLUTNINGUR SKAÐVALDA Á TRJÁM MILLI LANDA OG HEIMSÁLFA

Forvarnir eru öflugasta vopnið gegn flutningi skaðvalda á trjám milli landa og heimsálfa. Litlar og dreifðar vísindastofnanir hérlendis rýra möguleika Íslendinga til öflugra rannsókna á þessu sviði en það má vega upp með efldu samstarfi, bæði innanlands og á norrænum vettvangi. Þetta var meðal þess sem fram kom á ráðstefnu NordGen um skógarheilsu í framtíðinni sem haldin var nýverið í Hveragerði.

Í upphafi ráðstefnunnar ávarpaði Lise Lykke Steffensen, forstjóri NordGen, samkomuna og ræddi mikilvægi norræns rannsóknarsamstarfs og hlutverk NordGen, ekki síst á sviði skóga og skógræktar. Inngangserindi ráðstefnunnar hélt breski skógfræðiprófessorinn Hugh Evans sem sagði forvarnir öflugasta vopnið gegn flutningi skaðvalda á trjám milli landa og heimsálfa. Mest sé hættan af innflutningi lifandi plantna í mold en einnig fylgi hætta innflutningi á óunnu timbri, sérstaklega með berki. Skaðvaldar geti sömuleiðis borist með öllum fólks- og vöruflutningum milli landa. Í þessu ljósi sé mikilvægt að huga að forvörnum og einnig að efla vöktun svo finna megi nýja skaðvalda svo fljótt sem mögulegt er. Þá sé líklegra að snúast megi til varna sem bera árangur.

Rætt var um sérstakt kerfi sem ætlað er að meta hættuna á innflutningi skaðvalda á barrviðum til Norðurlanda og mögulegri útbreiðslu þeirra þar. Kerfið á að greina hvaða skaðvöldum er mikilvægast að vinna gegn enda koma mjög margir skaðvaldar til greina og mikilvægt að vita hvað af þeim sé líklegast að geti borist til landanna og valdið skaða svo haga megi aðgerðum samkvæmt því. Miðað við önnur lönd hafa fáir skaðvaldar borist til Íslands sem herja á helstu nytjatrjátegundir landsins. Það þýðir þó ekki að Íslendingar geti andað rólega og aðgerðarlausir. Mikilvægt er að verjast innflutningi slíkra skaðvalda eins og kostur er, ekki síst með því að huga að innflutningsleiðum þeirra, hvort sem um það er með varningi, lítt unnum viði, fólki, farartækjum eða öðru.

Jørgen Eilenberg frá Hafnarháskóla ræddi um nýjar, ágengar tegundir sem gætu borist til landa Evrópusambandsins og fjallaði um áhættumat, varnir og mögulega notkun lífrænna varna.

Edda Sigurdís Oddsdóttir, skógvistfræðingur og sviðstjóri rannsóknasviðs Skógræktarinnar, sýndi áhugaverð kort sem sýna hversu mögulegt útbreiðslusvæði sitkagrenis á Íslandi gæti stækkað með hækkandi meðalhita. Kortin sýna að ef meðalhiti á landinu hækkar um fjórar gráður gæti sitkagreni vaxið nánast um allt Ísland. En tegundin hefur ekki einungis tækifæri heldur býr hún við ógnanir líka. Sitkalúsin sem herjar á sitkagrenið nýtur nefnilega líka góðs af hærri meðalhita. Nokkur von býr í náttúrlegum óvinum sitkalúsarinnar, segir Eda, s.s. maríubjöllum, fuglinum glókolli og sníkjuvespum. En hver verða áhrif hærri hita á þessa óvini lúsarinnar? Því er ósvarað.

Horft yfir Hallormsstaðaskóg til Lagarfljóts.

GULL & SILFUR!

BEINT Á TOPPINN!

STELPUR SEM LJÚGA EFTIR EVU BJÖRGU ÆGISDÓTTUR

Eva Björg Ægisdóttir sló í gegn með verðlauna-krimmanum **Marrið í stiganum**. Stelpur sem ljúga er önnur bók hennar – grípandi og mögnuð spennusaga um það hvernig brotin æska og áföll geta leitt til skelfilegra atburða síðar á lífsleiðinni.

★★★★

„Eva Björg á vonandi eftir að gefa frá sér fleiri glæpasögur með jafngóðum árangri, allavega bíða lesendur líklega spenntir eftir þeirri næstu.“

Þorgerður Anna Gunnarsdóttir, Morgunblaðinu

1.
Metsölulisti Eymundsson
Íslensk skáldverk

ÁRNASYNIR

2.
Metsölulisti Eymundsson
Handbækur / Fræðibækur / Ævisögur

LÁTLAUS OG ÁHRIFAMIKIL!

SKUGGASÓL EFTIR BJÖRGU GUÐRÚNU GÍSLADÓTTUR

Björg Guðrún Gísladóttir vakti þjóðarathygli með minningasögu sinni **Hljóðin í nóttinni** um uppvöxtinn í **Höfðaborginni**. Fyrir hana var hún tilnefnd til **Íslensku bókmenntaverðlaunanna**. Í Skuggasól lýsir hún leið sinni frá því að vera stefnulaus unglingsstelpa yfir í að vera stolt og þroskuð kona sem er sátt við sjálfa sig – leið sem var langt frá því þrautalaus.

„EFTIRMINNILEG OG VEL SKRIFUÐ SJÁLFSÆVISAGA.“
Steinunn Inga Óttarsdóttir, Kvennablaðinu um **Hljóðin í nóttinni**

BJARTUR | VERÖLD

bjartur-verold.is

Nám í fjallamennsku við FSA vekur vaxandi athygli

Á vorönninni hjá Framhaldsskóla Austur-Skaftafellssýslu var kenndur áfangi í frumkvöðlafræði í samstarfi við Tækniskólann í Reykjavík. Á voönn voru skráðir 340 nemendur.

Nýtt samskiptaverkefni ICEPO hófst í kjölfarið á ráðstefnu í Gdansk í Póllandi. Lítillega var byrjað á verkefninu á vorönninni en gert er ráð fyrir gagnkvæmum heimsóknum næsta vetur. Liðið Flipptuðruskransararnir unnu í nóvember landskeppni í olíuleitinni OILSIM og unnu þar með þátttökurétt í lokakeppninni sem var haldin í London í lok janúar. Þar gerði liðið sér lítið fyrir og sigraði keppnina og er því alþjóðalegur meistari í olíuleit.

Meðal námsgreina við FSA auk fjallamensku má m.a. nefna erlend samskipti, matreiðslu, inngang vísinda og vélfræði.

Við útskrift frá Framhaldsskólanum í Austur Skaftafellssýslu, FAS; útskrifuðust í vor 20 stúdentar, einn nemandi lýkur námi í fjallamennsku, tveir nemendur ljúka framhaldsskólaprófi, einn útskrifast af fisktæknibraut, einn nemandi útskrifast úr tækniteiknun og einn nemandi lýkur A stigi vélstjórnar. Sigjón Atli Ragnheiðarson lýkur námi í fjallamennsku. Kolbeinn Benedikt Guðjónsson og Kristofer Hernandez útskrifast af framhaldsskólabraut. Katrín Soffía Guðmundsdóttir útskrifast af fisktæknibraut. Helga Sveinbjörnsdóttir lýkur námi í tækniteiknun og Þórir Kristinn Olgeirsson lýkur A stigi vélstjórnar. Bestum árangri á stúdentsprófi að þessu sinni náði Arndís Ósk Magnúsdóttir.

Þau Ingunn Ósk Grétarsdóttir og Sigursteinn Már Hafsteinsson hófu nám við FSA sl. haust og segja skólavistina sérlega skemmtilega og horfa spennandi til framtíðarinnar.

Vegna þiðnunar jökla, m.a. Vatnajökuls, rís hafsbotninn við Hornafjörð, að vísu löturhægt.

Bílskúrs- og iðnaðarhurðir

- Stuttur afhendingartími
- Hágæða íslensk framleiðsla
- Val um fjölda lita í RAL-litakerfinu
- Vindstyrktar hurðir

Smíðað eftir máli

- Iðnaðarhurðir
- Iðnaðarhurðir með gönguhurð
- Bílskúrshurðir
- Hurðir í trékarma
- Tvískiptar hurðir

Fyrsta flokks þjónusta og ráðgjöf

VÞ HURÐIR

Tunguháls 10, 110 Reykjavík, sími 567 3440, vagnar@vagnar.is, vagnar.is

VÍSNAÞÁTTUR AUSTURLANDS – Hulda Sigurdís Þráinsdóttir

Tíminn flýgur áfram og hann teymir okkur á eftir sér. Undanfarnar vikur hefur haustið verið allsráðandi með alla sína litadýrð og samkvæmt dagatalinu hefst vetur næstkomandi laugardag. Eflaust hefur það eitthvað með aldur undirritaðrar að gera, en hún er ekki frá því að með hverju árinu sem líður sé alltaf styttra á milli jóla.

Frá ómunatíð hafa árstíðirnar veitt íslenskum ljóðskáldum innblástur til kveðskapar. Eitt þeirra skálda er Örn Arnarson eða Magnús Stefánsson frá Kverkártungu á Langanesströnd. Magnús fæddist árið 1884. Hann ólst upp í sárri fátækt, missti föður sinn snemma og fylgdi móður sinni í vinnumennsku þar til hann komst á unglingsaldur. Magnús þótti heldur latur og pasturslítill til vinnu eins og hann segir sjálfur í einu af sínum þekktustu ljóðum.

Hreppsómaga-hnokki
hírðist inn á palli,
ljós á húð og hár.
Steig hjá lágum stokki
stuttur brókarlalli,
var svo vinafár.

Líf hans var til fárra fiska metið.
Furðanlegt, hvað strákurinn gat étið.
Þú varst líknin, móðir mín,
og mildin pín
studdi mig fyrsta fetið.

Verki skyldu valda
veikar barnahendur.
Annir kölluðu að.
Hugurinn kaus að halda
heim á draumalendur,
gleymdi stund og stað.
„Nóg er letin, áhuginn er enginn“.

Ungir og gamlir tóku í sama strenginn,
allir nema móðir mín,
því mildin þín
þekkti dreymna drenginn.

Þegar vetrarhörkur og myrkur réðu
ríkjum lét lítill hreppsómaga hnokki
sig dreyma um sumarið eins og aðrir.
Ekki hafa þó margir náð að orða þessa
drauma sína betur en hann.

Frostrósir

Ég sit hér aleinn inni
-en úti er frost og hríð-
og þrái sólskin, sól og blóm
og syrgi liðna tíð.

Ég þrái sól og sumar
og syrgi lífsins dóm
að endar sérhver sumartíð
og sölna vorsins blóm.

En frostið hefur hlerað
og heyrt þá duldu þrá,
og málar helköld hélublóm
í hljóði gluggann á.

Og frostið átti ei annað
hinn eina dýrgrip sinn,
anganlaus og litverp blóm
það lagði á gluggann minn.

Og svo fer öll mín ævi
til enda því er ver,
að fyrir vorsins fögru blóm
mér frostrós gefin er.

Nágranni Magnúsar af Langanesströndinni, var Kristján frá Djúpalæk sem var fæddur 1916. Í ljóði sínu Vetrarríki nær hann einstaklega vel að lýsa þeirri hörðu lífsbaráttu sem forfeður okkar og formæður háðu til að þrauka veturinn. Ljóðið er úr fyrstu bók hans Frá nyrstu ströndum sem kom út árið 1943. Ljóðið er alls ellefu erindi. Hér eru aðeins birt fimm þeirra, en full ástæða til að hvetja lesendur til að hafa upp á ljóðinu og lesa það allt.

Vetrarríki

Úr sumarsins veröld nú berst hvorki hljómur né hreimur
og hverfandi jurtirnar minna á lífvana hálminn.
Und fannbreiðu vetrarins hylst þessi deyjandi heimur
og haustið er búið að syngja útfararsálminn.

Að kofunum gusturinn hrollköldum helgreipum nístir.
Húsfreyjan skjálfandi stagar í barnanna tötra.
Horuð og matarlaus músin í fönninni tístir.
Moldin í veggnum er bundin í klakans fjötra.

Í krónum og básunum húsdýrin innbyrðis erjast,
yfir skammtaðri gjöf í ljósvana hreysi.
Útigangshrossin með berum fótunum berjast
við bóndans og gaddsins kalda miskunnarleysi.

Í vetrarins ríki er einræðis harðstjórn. En höldum
í hjartanu trúnni á vorið, það sigrar að nýju.
Það vinnur sér lönd undir frelsisins sólrauðu földum
og flytur svo veturinn í útlegð til Síberíu.

Þá verður aftur í heiminum himneskt að lifa.
Hlývindar hvísla, þá brýnir oss handtaka þörfin.
Sólin og vorið við hverfandi hjarnfannir skrifa
hugmyndir sínar, að framkvæma umbótastörfin.

Vilborg Dagbjartsdóttir yrkir líka um náttúruna, haust og vetur, en á allt annan hátt. Vetrarhörkurnar eru ekki lengur alls ráðandi, heldur ræður mismunandi fegurð árstíðanna ríkjum.

Haust

Úrsvalur blær fer um skóginn
og hvíslar í limi trjánna
meðan hann tínir burt
marglit haustlaufin.

Vetur

Þegar slokknaði á morgunstjörnunni
varð máninn kyrr.
Sólin veifaði
skýjaslæðu
til hans
yfir fjallið
sem gleymdi að taka ofan
nátthúfuna.

Fíngerðan rósavef
óf á rúðuna
frostið.

Um þessar mundir fagnar Menntaskólinn á Egilsstöðum 40 ára afmæli sínu. Þaðan hafa útskrifast mörg ljóðskáld í gegnum tíðina, en þess má geta að veggi hinna ýmsu opinberra bygginga á Egilsstöðum prýða einmitt ljóð eftir nokkur af þeim ágætu skáldum sem ME hefur fóstrað. Eitt þeirra er Steinunn Rut Friðriksdóttir sem gaf út ljóðabókina Orð árið 2013. Þar er m.a. að finna eftirfarandi tvö ljóð.

Orð vetrarins

Vindur lætist hljótt
Orðum vetrar hvíslar
blítt í hjarta þitt

Vorsins grimma hret
-stormasamt það orgar –
orðin hrekur burt

Haustar senn á ný
Plöntum aftur orðum
Í jarðveg vetrarins

Orð eru fræ
Undir moldinni
liggur orð
í dvala

Ef þú vökvar orðið
og örvar jarðveginn
vex það
og verður að ljóði

Endum þáttinn á ljóði eftir fyrrum ME-inginn Sunnu Ross frá Eiðum. Áhugaverð umhverfispæling út frá sjónarhorni útdauðrar tegundar. Ljóðið er í Bók sem allir myndu lesa sem Félag ljóðaunnenda á Austurlandi gaf út árið 2016.

Án titils

Ég talaði við útdauðan úruxa í nótt.
Hann andvarpaði lágt,
horfði til mín
yfir gaddavírinn,
hann sagðist hata okkur.

Hulda Sigurdís

Notkun og meðferð keðjusaga kennd á Hallormsstað

Námskeið var haldið 17. – 19. október sl. í notkun og umhirðu keðjusaga, fellingatækni, öryggisatriðum, líkamsbeitingu og öðru sem nauðsynlegt er að kunna skil á við notkun keðjusaga í þéttbýli og úti í skógi. Námskeiðinu lauk á einum og hálfum degi við trjáfellingu og grisjun í skógi. Námskeiðið var á framhaldsskólastigi og má meta til einnar einingar af námi í garðyrkjufræðum. Kennari var Björgvin Örn Eggertsson, skógfræðingur hjá LbhÍ. Námskeiðið hentaði fyrst og fremst þeim sem ekkert kunna á keðjusagir en vilja læra á þær. Einnig þeim sem hafa notað keðjusagir en vilja bæta fellingartækni sína eða vilja öðlast meiri þekkingu á meðferð og umhirðu saga.

Í lok námskeiðsins fór einn og hálfur dagur í trjáfellingum og grisjun í skógi, þar sem lögð var áhersla á rétta fellingartækni og upprödun viðarins.

Rétt notkun á keðjusögum er nauðsynleg þegar fella þarf tré og grisja skóg, hvar sem er á landinu.

Jafnréttismál á vinnustöðum

Ráðstefna um jafnréttismál í Valaskjálf á Egilsstöðum föstudaginn 8. nóvember

Hvers vegna eru jafnréttismál mikilvæg á vinnustöðum? Þrjú stórfyrirtæki sem öll hafa sett jafnréttismál á oddinn um árabil munu ræða jafnréttismál á ráðstefnu á Egilsstöðum þann 8. nóvember nk. Einnig verða innlegg um jafnlaunavottun og Jafnréttisvísi Capacent. Við hvetjum alla, sem hafa áhuga á að auka veg jafnréttismála í atvinnulífinu, til að mæta.
Fólk er beðið um að skrá þátttöku í gegnum viðburðinn „Jafnréttismál á vinnustöðum" á Facebook-síðu Fjarðaáls.

Dagskrá

12:45 Léttur hádegisverður

13:30 Setning ráðstefnu, fundarstjóri **Dagmar Ýr Stefánsdóttir**, yfirmaður samskipta og samfélagsmála hjá Alcoa Fjarðaáli

13:35 **Lilja Björk Einarsdóttir** bankastjóri Landsbankans: Hvar eru þær?

13:55 **Hörður Arnarson** forstjóri Landsvirkjunar: Jafnréttismál eru að hraða þróun vinnustaðarins

14:15 **Guðný Björg Hauksdóttir** framkvæmdastjóri mannauðs hjá Alcoa Fjarðaáli: Höfum kjark til að ögra vinnustaðamenningunni

14:35 **Þorsteinn Víglundsson** þingmaður Viðreisnar og fyrrverandi jafnréttis- og félagsmálaráðherra: Hverju skilar jafnlaunavottun okkur?

14:55 **Þórey Vilhjálmsdóttir** ráðgjafi hjá Capacent: Lærdómur af vinnunni með Jafnréttisvísi

15:15 Kaffihlé

15:35 Pallborð með frummælendum dagsins, spurningar úr sal og vonandi fjörugar umræður

16:00 Ráðstefnulok

Dagmar Ýr Stefánsdóttir

Lilja Björk Einarsdóttir

Hörður Arnarson

Guðný Björg Hauksdóttir

Þorsteinn Víglundsson

Þórey Vilhjálmsdóttir

Alcoa

Landsvirkjun

AUSTURLAND

9. tölublað
8. árgangur

Auglýsingar: Sími 578 1190 og auglysingar@fotspor.is **Ritstjórn:** Sími 840 955 og geirgudsteinsson@simnet.is

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
SÍÐAN 1996

ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA

Kristín Ingólfsdóttir

Sverrir Einarsson

Margrét Ásta Guðjónsdóttir

Símar allan sólarhringinn: 581 3300 & 896 8242 • www.utforin.is
Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er.

Austfirsk nútíð og framtíð mætti á Sjávarútvegssýninguna 2019

Á Sjávarútvegssýningunni 2019 var íslenskt hugvit haft í öndvegi. Sú mikla þróun sem hefur átt sér stað varðandi vinnslu og veiðar er orðin að veruleika vegna íslenskra yfirráða yfir auðlindinni. Gott skipulag á veiðum, vinnslu og markvisst markaðsstarf teygir anga sína um veröld víða.

Á sýningunni var margt að skoða og fræðast um, ekki bara fyrir þá sem eru í sjávarútvegsgreininni, heldur fyrir marga fleiri. Aðsóknin að sýningunni staðfesti það. Sjón var sannarlega sögu ríkari.

Hafnir Fjarðabyggðar kynntu sína starfsemi. F.v.: Karl Óttar Pétursson bæjarstjóri, Birgitta Rúnarsdóttir verkefnastjóri hafna og Þórður Vilberg Guðmundsson upplýsingafulltrúi sveitarfélagsins.

Pétur Kristinsson frá Lónssveit/Hornafirði og og Jón Björgvin Steinsson frá Fáskrúðsfirði voru mættir á Sjávarútvegssýninguna 2019. Þeir eru báðir nemendur í Vélskóla Íslands. Þeir sögðu mýmargt að skoða og fræðast um á sýningunni.

VILTU AUGLÝSA Í AUSTURLANDI?
AUGLÝSINGADEILDIN ER OPIN ALLA VIRKA DAGA FRÁ KL. 9:00 – 17:00. - AUGLÝSINGASÍMINN ER 578-1190 NETFANG: AUGLYSINGAR@FOTSPOR.IS